

Fjölmenningsstefna



EYÞING

SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM

Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Megininntak	5
Stjórnsýslan - almennt	6
Fræðslumál, leik- og grunnskóli	8
Fræðslumál, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar	11
Félagsþjónusta	13
Heilbrigðisþjónusta	15
Félagsstarf og afþreying, menningarmál	17
Félagsstarf og afþreying, íþróttá- og tómstundamál	17
Viðauki 1, Móttaka nýrra íbúa, tillaga að móttökuvíðtali	18
Móttökuvíðtal	18
Eftirfylgnivíðtal	19
Viðauki 2. Flæðirit fyrir móttöku barns innflytjanda í skóla	20





Formáli

Fólksflutningar hafa alltaf fylgt mannkyninu. Alþjóðavæðingin með nýrri tækni í samskiptum og betri samgöngur hafa gert fólki auðveldara að flytjast á milli landa og í auknum mæli velur fólk að búa annars staðar en það á sér uppruna. Ísland hefur ekki farið varhluta af þeirri þróun og á sama hátt og Íslendingar velja að búa erlendis flytjast útlendingar til landsins. Á fyrri hluta ársins 2008 bjuggu tæplega 22.000 einstaklingar með erlent ríkisfang á Íslandi eða rétt tæplega 7% af þjóðinni. Hér rúmast flest þau trúarbrögð sem fyrir finnast í heiminum og vel á annað hundrað tungumála eru hér töluð. Segja má að Ísland bjóði nú þegar upp á fjölmenningsleggt samfélag þar sem íbúarnir eru ólíkir innbyrðis og búa við mismunandi menningararf.

Á aðalfundi Eypings 2007 voru málefni innflytjenda tekin til umræðu. Þar var samþykkt að fela Eypingi að vinna drög að stefnu og aðgerðaáætlun í málefnum innflytjenda. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að mótun stefnu og aðgerðaáætlunar sem nýst gæti sveitarfélögum á starfssvæði Eypings. *Pétur Þór Jónassyni* framkvæmdastjóra Eypings var falið að leiða verkefnið og með honum í verkefnisstjórn voru skipuð *Anna Guðný Guðmundsdóttir* verkefnisstjóri Alþjóðahússins á Norðurlandi og *Gunnar Gíslason* fræðslustjóri Akureyrarbæjar. Verkefnisstjórnin leitaði víða gagna og kallaði fjölda fólks til samráðs. Framlag þess ber að þakka. Þá ber sérstaklega að þakka að verkefnisstjórnin fékk annars vegar heimild til að nýta sér gögn úr verkefni Fjarðabyggðar „*Nýir íbúar á góðum stað*“ og hins vegar heimild til að nota og staðfæra handbók um mótöku innflytjenda í grunnskóla Reykjavíkur. Verkefnisstjórnin lagði fram drög að fjölmenningsstefnu á aðalfundi Eypings í október 2008. Aðalfundurinn lýsti yfir ánægju með drögin og fól verkefnisstjórninni að ljúka vinnunni. Afraksturinn er í þessu riti ásamt fylgigögnum.

Það er mat verkefnisstjórnarinnar að auðvelt eigi að vera fyrir sveitarfélög að nýta sér eftirfarandi stefnu og aðgerðir. Hægt er að þróa stefnuna áfram og ganga lengra í þjónustu við nýja íbúa sé það vilji sveitarstjóra.

Akureyri í febrúar 2009
Anna Guðný Guðmundsdóttir
Gunnar Gíslason
Pétur Þór Jónasson

Inngangur

Megininntak fjölmenningsstefnunnar er sett fram á einni blaðsíðu í fáum orðum og hnitmiðuðum texta. Ef til vill má segja að þetta sé mikilvægasti hluti ritsins þar sem hann rammur inn og er grunnur þeirra markmiða og leiða sem á eftir koma.

Fjölmenningsstefnunni er skipt í nokkra kafla sem í grófum dráttum taka mið af málaflokkum sveitarfélaga. Þó að í höfuðatriðum sé horft til verkefna sveitarfélaga þá er í mörgum tilvikum erfitt að draga skýrar línur milli verkefna sveitarfélaga og ríkis. Þetta á sérstaklega við um kaflana um fullorðinsfræðslu og um heilbrigðisþjónustu. Undir hverjum kafla (málaflokki) eru sett fram markmið og bent á leiðir að þeim. Jafnframt fylgja í flestum tilvikum, eða þar sem tilefni þótti til, stuttar skýringar við einstök markmið og þær aðgerðir sem þeim fylgja. Í skýringunum er víða vísað í framkvæmdaáætlun ríkisins í málefnum innflytjenda og vísað í einstakar greinar hennar í sviga. Áætlunina má finna á vef félagsmálaráðuneytisins.

Í viðaukum 1 og 2 er að finna dæmi eða fyrirmynd, annars vegar að móttökuáætlun fyrir nýja íbúa og hins vegar að móttökuáætlun í skóla. Þær eru settar fram í formi flæðiriti til að auðvelda yfirsýn. Nýta má flæðiritin sem gátlista.

Í fylgiriti er síðan Handbók um móttöku innflytjenda í grunnskóla. Handbókin er fengin frá Menntasviði Reykjavíkurborgar og er með leyfi höfunda staðfærð þar sem það á við. Þau tilvik eru þó fá og eru auðkennd sérstaklega með feitletruðum texta. Handbókina er hægt að sækja á vef Eypings, www.eything.is til að laga að aðstæðum á hverjum stað ef þess gerist þörf.

Sveitarstjórnir eru hvattar til að taka fjölmenningsstefnuna til umfjöllunar og skoða með hvaða hætti þær geta best nýtt sér hana.



Megininntak

Hlutverk sveitarfélaganna er:

Að sinna lögbundnum verkefnum sveitarfélaga auk valkvæðra verkefna til hagsbóta fyrir íbúana og framtíð sveitarfélaganna eftir því sem fjárhagur leyfir.

Að taka vel á móti nýjum íbúum, upplýsa þá um réttindi og skyldur og styðja til þátttöku í samfélaginu.

Leiðarljós fyrir sveitarfélögin:

Lykillinn að íslensku samfélagi er kunnátta í íslensku, þekking á íslensku samfélagi og gildi fjölmenningar.

Framtíðarsýn Eyþings í málefnum innflytjenda:

Grunngildi samfélagsins einkennast af víðsýni, virðingu og samkennd þar sem litið er á ólíkan bakgrunn íbúanna sem auðlind. Samfélagið tekur vel á móti nýjum íbúum og styður þá til góðra verka, en væntir þess að allir virði menningu og siði þess samfélags sem þeir kjósa að búa í.

Meginstefna Eyþings í málefnum innflytjenda:

Að allir íbúar sveitarfélaganna njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífsins.

Að nýir íbúar skynji að þeir séu velkomnir og að þeir búi við öryggi.

Að styrkur fjölmenningar verði nýttur til góðra verka.

Skilgreining á hugtakinu innflytjandi:

Með orðinu innflytjandi er átt við íbúa með annað móðurmál en íslensku.

Stjórnsýslan – almennt

1. markmið:

Að tekið sé vel á móti nýjum íbúum og öll þjónusta sveitarfélagsins við þá sé samþætt og allar grunnupplýsingar aðgengilegar á einum stað.

Leiðir:

- Einn þjónustustaður.
- Einn ábyrgðaraðili – þjónustufulltrúi sveitarfélagsins sem upplýsir og aðstoðar (kennitala, lögheimili, heilbrigðissskoðun, dvalarleyfi o.fl.).
- Til sé móttökufjerli/flæðirit (fastar vinnureglur).
- Handbók um móttöku nýrra íbúa (þar með talið innflytjenda).
- Gott aðgengi að túlkþjónustu.
- Bókasöfn bjóði upp á aðgang að netinu.
- Sveitarfélagið setji á fót þverfaglegt teymi til samráðs og til að samhæfa þjónustu sveitarfélagsins við innflytjendur.

Skýring:

Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að innflytjendur geti sótt allar grunnupplýsingar og leiðbeiningar á einum stað. Þetta á einnig við um nýja íslenska íbúa. Í því felast augljós þægindi fyrir nýja íbúa í framtíð umhverfi að geta nálgast nauðsynlegar upplýsingar á einum stað í stað þess að þurfa að leita frá einni stofnun til annarrar. Í vissum tilvikum hafa sveitarfélög falið öðrum, t.d. verkalýðsfélagi eða Alþjóða-húsi, að annast þessa þjónustu samkvæmt þjónustusamningi. Gott dæmi um þetta má finna hjá skrifstofu Framsýnar – stéttarfélags Þingeyinga sem annast þessa þjónustu fyrir Norðurþing.

Vakin er athygli á upplýsingavef Fjölmenningsseturs www.mcc.is. Eins og segir í framkvæmdaáætlun ríkisins í málefnum innflytjenda (3.2) þá er um að ræða upplýsingavef á nokkrum tungumálum þar sem allar helstu upplýsingar um réttindi og skyldur innflytjenda í íslensku samfélagi er að finna, svo sem um hlutverk og þjónustu ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra, þ.m.t. skóla, upplýsingar um íslensku- og fræðslunámskeið, túlka- og þýðingarpjónustu, um fyrstu skrefin á vinnumarkaði, vottorð og skilríki sem þarf við komu til landsins og för frá landinu, auk umsóknareyðublaða o.fl.

Fjölmenningssetur annast gerð **handbókar** (6.1) til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög landsins í gerð móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa. Handbókin mun m.a. byggja á reynslu úr tilraunaverkefnum sveitarfélaga og má í því sambandi nefna verkefni Fjarðabyggðar „*Nýir íbúar á góðum stað*“. Í Fjarðabyggð hafa verið þróuð sérstök móttökuvíðtöl fyrir nýja íbúa, bæði íslenska og erlenda. Útbúin hafa verið sérstök viðtals-eyðublöð og gátlistar.

Á vegum ríkisins mun fara fram reglubundin endurskoðun bæklinga á níu tungumálum um „*Fyrstu skrefin*“ í íslensku samfélagi sem verður uppfærður eftir þörfum og dreift á helstu viðkomustöðum innflytjenda (3.4).

Eðlilegt er að þjónustufulltrúi haldi utan um upplýsingar um samfélagstúlka og geti veitt upplýsingar um túlka- og þýðingarpjónustu (sjá einnig www.mcc.is). Sérstaklega er mikilvægt að þjónustufulltrúinn hafi tiltækar upplýsingar um túlka á nærsvæðinu. Mikilvægt er að túlkaþjónusta sé vonduð og fagleg og því æskilegt að túlkar eigi kost á námskeiðum um hlutverk sitt.

Skilgreina þarf nánar hvert hlutverk þjónustufulltrúa sveitarfélagsins á að vera. Á hann t.d. að fylla út pappíra fyrir þá sem leita eftir því? Á aðstoð hans frekar að felast í því að benda á hvar leita skuli þess sem á vantar, s.s. eyðublaða, og koma aðilum í samband við réttar stofnanir?

Í framkvæmdaáætlun ríkisins segir (3.12): „*Bókasöfn verði hvött til að auka aðgengi innflytjenda að netinu, meðal annars með því að koma upp tölvuaðstöðu fyrir notendur safna.*“

Æskilegt er að komið sé á fót teymi um þjónustu sveitarfélagsins við innflytjendur úr meginviðum sveitarfélagsins, s.s. fræðsluviði, félagsþjónustu og heilsugæslu, eftir því sem við á.

2. markmið:

Að vakin verði athygli á verkefnum þar sem vel hefur til tekist og á aðilum sem hafa sýnt frumkvæði og/eða verið til fyrirmyndar á sviði innflytjendamála.

Leiðir:

- Á vettvangi Eypings verði árlega (t.d. á aðalfundi) veitt viðurkenning til aðila á starfssvæðinu vegna jákvæðs framlags til innflytjendamála.

Skýring:

Rökin að baki þessu markmiði eru að það geti verið þarft og hvetjandi að vekja athygli á verkefnum þar sem vel hefur til tekist og eru til eftirbreytni. Hafa má samráð við aðila eins og t.d. Alþjóðahús á Norðurlandi varðandi tilnefningar.



Fræðslumál

-leik- og grunnskóli-

3. markmið:

Að tekið sé vel á móti nemendum þegar þeir hefja nám og aðlögun þeirra að íslensku skólakerfi verði þeim þægileg.

Leiðir:

- Til sé móttökufjerli/flæðirit (fastar vinnureglur).
- Handbók um móttöku innflytjenda í grunnskóla.
- Túlkaþjónusta aðgengileg og nýtt, (Leiðbeiningar um hvenær á að nota túlka. Hvar er þá að finna? Hvenær hentar fjartúlkun?).
- Nemendum verði ekki hafnað þó kennitölu vanti við innskráningu.
- Nemendur frá landi utan EES verði að skila inn heilbrigðisvottorði áður en þeir byrja í skóla óháð því hvort kennitala liggur fyrir eða ekki. Athuga þarf þó undantekningar, (Sjá Handbók um móttöku innflytjenda í grunnskóla).

Skýring:

Með fjölmenningsstefnu þessari fylgir **móttökufjerli** í viðauka og sem fylgirit er **handbók** um móttöku innflytjenda í grunnskóla. Vakin er athygli á að handbókin getur einnig nýst í leikskólum.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisins skal sérhver skóli gera áætlun um innritun og móttöku barna af erlendum uppruna sem taki mið af bakgrunni þeirra og færni í íslensku og móðurmáli og eftir atvikum öðrum tungumálum, í þeim tilgangi að auðvelda nám, þátttöku og aðlögun að skólasamfélaginu, (10.1). Starfsáætlanir leikskóla fjalli m.a. um móttökuáætlun fyrir börn sem hafa annað móðurmál en íslensku. Grunnskólar taki á móti þessum nemendum skv. móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags.

Í framkvæmdaáætlun ríkisins kemur fram, (5.1), að á vegum menntamálaráðuneytisins verði samdar verklagsreglur um túlkaþjónustu, sbr. 9. gr. leikskólalaga og 16. og 18. gr. grunnskólalaga, þar sem kveðið verði á um að tryggð verði túlkun á upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna samskipta foreldra og skóla.

4. markmið:

Að foreldrar séu upplýstir um starfsemi skólanna og íslenska skólakerfið.

Leiðir:

- Upplýsingabæklingar á helstu tungumálum.
- Gagnabanki – upplýsingabæklingar (miðlægur gagnabanki með stöðluð form um miða heim o.fl. á nokkrum tungumálum, þar sem hægt er að breyta dags. o.fl.).

Skýring:

Sjálfsgagt er að nýta sér þá bæklinga sem til eru og gagnlegar vef- og heimasíður.

Í framkvæmdaáætlun ríkisins kemur fram að stöðluð bréf og skilaboð milli skóla og heimila verði þýdd á móðurmál sem flestra foreldra sem ekki tala íslensku, (10.12). Fyrir því mun menntamálaráðuneytið standa í samstarfi við grunnskóla og Fjölmenningssetur.

5. markmið:

Að foreldrar og börn séu upplýst um siði, venjur og náttúruferfar.

Leiðir:

- Upplýsingagjöf – innflytjendur vita ekki það sem innfæddir vita – menningarmunur, (öskudagur, nesti, mæting í foreldraviðtöl, afmæli/gjafir, Þorrinn o.fl.).
- Notaðir séu túlkar og skilaboð þýdd yfir á tungumál barnsins.

Skýring:

Mjög mikilvægt er að upplýsa um ýmsa siði og venjur í íslensku samfélagi, sem í mörgum tilvikum geta verið mjög ólíkir því sem nýir íbúar eiga að venjast. Einnig er mikilvægt að veita ákveðnar upplýsingar um íslenskt náttúruferfar og veðurfar. Margir úr hópi innflytjenda hafa t.d. ekki kynnst því að ganga í snjó, hvað þá að þrila yfir snjóuðninga.

6. markmið:

Að eftirfylgni sé tryggð og skólinn verði skilgreindur sem brú barnsins inn í samfélagið.

Leiðir:

- Einn aðili í skólanum beri ábyrgð á upplýsingargjöf og eftirfylgni með innflytjendum fyrstu tvö árin í skólanum, (Skilgreina þarf hlutverk tengiliðarins).
- Ráðgefandi hlutverk skólanna sé nánar skilgreint.
- Æskilegt er að ráðgjöf um kennslu innflytjenda sé aðgengileg í landshlutanum.
- Fylgst verði með þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi, þ.m.t. tónlistarnámi, (Sjá markmið undir félagsstarf og afþreying).
- Samstarf við framhaldsskólana til að auðvelda breytinguna frá grunnskóla og auðvelda framhaldsskólunum að mæta þörfum þessara nemenda, t.d. varðandi lesskilning og málskilning.

Skýring:

Ef til vill má leita eftir ráðgjöf í þeim skóla sem öðlast hefur mesta reynslu í móttöku og kennslu erlendra nemenda.

Skilgreina þarf ráðgefandi hlutverk skólanna, sérstaklega ef þeim er ætlað viðtækara hlutverk í móttöku nýrra íbúa heldur en aðeins varðandi móttöku í skóla. Þetta á e.t.v. einkum við um minni staði eða sveitarfélög.

Æskilegt er að skólarnir eigi gott samstarf við íþróttafélög um að stuðla að þátttöku í íþróttastarfi, t.d. samstarf varðandi kynningu.

Varðandi samstarf við framhaldsskólana þá er m.a. mikilvægt að tryggja upplýsingagjöf úr grunnskólunum. Vinna þarf að því að erlendu nemendurnir haldi áfram námi en hætti ekki að loknum grunnskóla.

7. markmið:

Að móta jákvætt viðhorf til fjölmenningar og vinna að gagnkvæmri aðlögun.

Leiðir:

- Námsefni um fjölmenningu og gildi hennar.
- Ráðgjöf, t.d. hjá Alþjóðahúsi og Fjölmenningarsetri.
- Menningarhátíðir í skólum, (*Sjá einnig 26. markmið, undir menningarmál*).
- Markviss umfjöllun og fræðsla um fordóma og um neikvæðar afleiðingar þeirra, (*Sjá einnig 20. markmið, undir félagsþjónustu*).

Skýring:

Fordómar byggjast á vanþekkingu og staðalmyndum og koma gjarnan fram samfara tortryggni eða ótta. Mikilvægt er að við þessu sé brugðist með markvissum hætti.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisins lætur félags- og tryggingamálaráðuneytið gera námskeiðsefni um ástæður fordóma, umburðarlyndi og menningarlæsi sem boðinn verði skólum, félagasamtökum og vinnustöðum til afnota, (16.2). Einnig að gert verði námskeiðsefni fyrir innflytjendur á nokkrum tungumálum um íslenskt samfélag og grunngildi þess, helstu alþjóðlega samninga um mannréttindi og fleira, (16.3).

8. markmið:

Að skólinn (leik- og grunnskóli) vinni að því að virkja nemendur til þátttöku í íslensku samfélagi.

Leiðir:

- Sérstök áhersla verði á **íslenskukennslu**, m.a. áhersla á að efla læsi. Nemendur í leik- og grunnskóla eiga rétt á námi í íslensku sem öðru tungumáli.
- Stuðla að þátttöku í félagsstarfi.

Skýring:

Í lögum um leikskóla kemur fram að börn með annað móðurmál en íslensku eigi að fá kennslu í íslensku á forsendum þess skólastigs og á grundvelli einstaklingsmiðaðs náms. **Grunnskólanemendur** eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli skv. 16. grein grunnskólalaga.

Jöfnunarsjóður greiðir framlag til sveitarfélaga vegna barna innflytjenda sem þurfa á að halda íslenskukennslu. Spurningin er hvort sveitarfélögin vilja gera betur með fjölgun kennslustunda í því skyni að flýta aðlögun.

Jöfnunarsjóður greiðir einnig framlag miðað við fjölda innflytjenda á aldrinum 0 – 5 ára og rennur greiðslan til sveitarfélagsins í gegnum útgjaldajöfnunarframlag, (13. gr. reglugerðar nr. 113/2003).

9. markmið:

Að styrkja sjálfsmynd barna af erlendum uppruna.

Leiðir:

- Nemendur fái tækifæri, eftir því sem kostur er, til að viðhalda móðurmáli sínu. Boðið verði upp á móðurmálskennslu eftir því sem tók eru á.
- Stuðningur verði veittur við námsmat (próftöku).
- Skólarnir skapi vettvang, t.d. með fjarkennslu og fyrir foreldrafélög erlendra barna, til þess að halda utan um móðurmálskennslu.
- Bókakostur á erlendum tungumálum verði aðgengilegur á bókasöfnum.

Skýring:

Í framkvæmdaáætlun ríkisins segir að fylgst verði með og stutt við verkefni bókasafna um söfnun bókakosts á erlendum tungumálum og miðlun bóka í millisafnalánum, sem m.a. geti nýst nemendum við að viðhalda móðurmáli, (10.11).

10. markmið:

Að vinna gegn einangrun og stuðla að þátttöku foreldra í skólastarfi.

Leiðir:

- Skoða möguleika á stuðningsfjölskyldum.
- Nýta leiðir að fullorðnu fólki í gegnum börnin.
- Móttaka foreldra í skólanum (fyrsti fundur með foreldrum þar sem hagnýtar upplýsingar eru veittar um skólahúsnæðið og þess háttar, með túlki eftir þörfum).
- Skólinn vinni að því að stuðla að þátttöku í íþróttá- og tómstundastarfi.

Skýring:

Leggja þarf áherslu á að styrkja tengsl við heimili barna af erlendum uppruna, svo sem með því að hvetja foreldra til að mæta á fundi er varða börn þeirra og í foreldraviðtöl.

11. markmið:

Að hæfni og þekking starfsfólks skólanna sé eflað í kennslu og umönnun barna af erlendum uppruna.

Leiðir:

- Boðið verði upp á sértæka fræðslu og námskeið, t.d. á vegum Alþjóðahúss.
- Kennarar verði þjálfaðir í að kenna íslensku sem annað tungumál.

Skýring:

Samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisins er gert ráð fyrir að kennaranemar fái þjálfun í kennslu íslensku sem annars tungumáls auk þess sem gert er ráð fyrir átaki í námskeiðhaldi fyrir starfandi kennara, (10.14).

Fræðslumál

-fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar-

12. markmið:

Að vinna að því að fullorðnir innflytjendur eigi kost á, og hafi sem jafnastan aðgang að, góðri íslenskukennslu, samfélagsfræðslu og fræðslu um íslenskt náttúruferi.

Leiðir:

- Sveitarfélögin þurfa að skilgreina aðkomu sína að íslenskukennslu fyrir fullorðna, t.d. með því að: Sveitarfélögin styðji við kennsluna, s.s. með því að leggja til húsnæði. Sveitarfélögin styrki (greiði með) nemendur á námskeið. Sveitarfélögin þrýsti á um breytt fyrirkomulag á framlögum ríkisins (nú greitt á haus), en erfitt er að halda úti námskeiðum þar sem fáir eru.
- Samfélagsfræðsla og fræðsla um íslenskt náttúruferi sé fléttuð inn í íslenskunám fyrir innflytjendur.
- Komið verði á formlegri samvinnu aðila sem málinu tengjast, s.s. sveitarfélaga, verkalýðsfélaga, atvinnurekenda og fræðsluaðila.
- Til sé gott staðfært námsefni, (námsefnisgerð er þó í verkahring ríkisins).
- Sveitarfélögin fylgi því eftir að ríkið leggi til vandað almennt kennsluefni.
- Fræðsluaðilar haldi kynningarfundir fyrir innflytjendur.
- Félag eldri borgara verði virkjuð inn í íslenskukennsluna – góð viðbót sem skapar aukna breidd.

Skýring:

Framhaldsskólanemar eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli skv. 35. grein framhaldsskólalaga.

Reynslan hefur sýnt að þörf er á að kenna innflytjendum bæði „menningarlæsi“ og „náttúrulæsi“. Með menningarlæsi er t.d. átt við sérkenni í málinu eins og héra og sko, frídaga og ýmsa síði og venjur. Með náttúrulæsi er t.d. átt við það að kenna innflytjendum að umgangast snjó, en í hópi þeirra er fólk sem aldrei hefur gengið á snjó, hvað þá að það hafi þurft að fara yfir snjóruðning.

Nokkur umræða hefur verið um það sem kalla má þekkingargat. Það kemur m.a. fram í því að fólk sem nær ágætum tókum á íslensku og öðrum tungumálum nær ekki tókum á greinum eins og náttúrufræði þar sem mikið reynir á hugtakaskilning. Þá er það vandamál bæði í skólum og atvinnulífi að fólk segist skilja en gerir þó ekki, en vill ekki koma upp um sig. Af þessu leiðir að sumir stoppa við og sætta sig við t.d. 70% skilning. Á þessu er engin einföld laus en bent á að mikilvægt sé að leita leiða til úrbóta.

Mikilvægt er talið að tengja fyrirtækin inn í fullorðinsfræðsluna, m.a. til að stuðla að því að íslenskunámið færast inn á vinnutímann. Jafnvel gæti námið farið fram úti í stærri fyrirtækjum.

Mikilvægt er að mat sé lagt á reynslu erlendis frá, t.d. Svíþjóð þar sem sænska er skyldunám fyrir innflytjendur.

13. markmið:

Að sveitarfélögin séu í fararbroddi í að bjóða erlendum starfsmönnum sínum á námskeið í vinnutíma.

Leiðir:

- Yfirmenn sveitarfélagsins séu vel upplýstir um þetta markmið.
- Samið verði við fræðsluaðila.

Skýring:

Í framkvæmdaáætlun ríkisins, (7), er því beint til allra opinberra stofnana, hvort sem þær eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, að stuðla að því að starfsmönnum þeirra af erlendum uppruna sé auðveldað íslenskunám og að þeir njóti fulls jafnréttis á við aðra starfsmenn hvað varðar kjör, réttindi, aðbúnað, starfsþróun og símenntun.

14. markmið:

Að sérstakt samstarf sé milli grunn- og framhaldsskóla í því skyni að hindra brottfall innflytjenda úr framhaldsskóla.

Leiðir:

- Skipulegt samstarf milli grunn- og framhaldsskóla á svæðinu, upplýsingagjöf frá grunnskólum um erlenda nemendur.
- Sérstök vonduð kynning á framhaldsskólunum fari fram fyrir erlenda nemendur.

Skýring:

Ákvæði um innritun og móttöku nemenda af erlendum uppruna skulu vera í skólasamningum framhaldsskóla skv. framkvæmdaáætlun ríkisins, (10.1).



Félagsþjónusta

15. markmið:

Að innflytjendur hafi sama aðgang að félagsþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins.

Leiðir:

- Upplýsingagjöf, s.s. um fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, félagslega ráðgjöf, félagslega heimaþjónustu, barnavernd o.fl.
- Til sé sérhæft fræðsluefni, t.d. varðandi andlát, skilnaði og forsjármál.
- Sveitarfélög hafi með sér samstarf um gerð kynningarefnis til að minnka kostnað.
- Félagsþjónustan eigi gott samstarf við heilsugæslu og sjúkrahús.

Skýring:

Í framkvæmdaáætlun ríkisins segir (3.5): „Á heimasíðu Tryggingastofnunar og þjónustustöðvum Tryggingastofnunar, hjá Útlendingastofnun, **félagsþjónustum sveitarfélaga** og öðrum stöðum sem fólk af erlendum uppruna sækir þjónustu og ráðgjöf til séu aðgengilegar upplýsingar á ensku, pólsku, tailensku og ef til vill fleiri tungumálum.“ Þá kemur fram að meginatriði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga verði þýdd á þau tungumál sem flestir innflytjendur skilja, (12.1).

Fram hefur komið að krafa um vottorð þess efnis að fólk hafi ekki þegið fjárhagsaðstoð, valdi erfiðleikum í tengslum við dvalarleyfisumsókn og fæli innflytjendur frá félagsþjónustunni.

Þekkt eru dæmi um að mál sem ættu að fara til félagsþjónustunnar komi inn á sjúkrahús og heilsugæslu.

16. markmið:

Að „sérhæfð“ túlkþjónusta sé aðgengileg.

Leiðir:

- Leiðbeiningar um hvenær á að nota túlka. Hvenær hentar fjartúlkun og hvenær ber að leggja áherslu á staðtúlk? Hvar er þá að finna? Athuga þarf möguleika á samnýtingu.
- Námskeið í sérhæfðri túlkun.

Skýring:

Í félagsþjónustunni eru oft til umfjöllunar mjög viðkvæm og vandmeðfarin mál, s.s. barnaverndarmál og mál sem varða fötlun, (5.4 og 5.8), sem krefjast mjög vandaðrar og sérhæfðrar túlkunar. Því er mikilvægt að túlkar geti sótt nám og þjálfun á sértækum sviðum eins og innan félagsþjónustu.

17. markmið:

Að börn af erlendum uppruna njóti þeirrar verndar sem íslensk löggjöf á sviði barnaverndarmála kveður á um.

Leiðir:

- Foreldrum verði leiðbeint um lög og reglur sem gilda, einkum um ákvæði barnaverndarlaga.

Skýring:

Samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisins verða útbúin leiðarljós fyrir barnaverndarnefndir til að auðvelda þeim að uppfylla lagaskyldu um að gera framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum sem feli í sér markmið sem stuðla að bættum hag barna af erlendum uppruna, (14.1).

Hafa þarf í huga að meðal þjóða eru mismunandi siðir og venjur í umgengni við börn, t.d. varðandi ögun þeirra.

18. markmið:

Að starfsfólk félagsþjónustu fái fræðslu um siði og venjur ólíkra menningar- og trúarheima.

Leiðir:

- Sérhæft námskeið, t.d. á vegum Alþjóðahúss.

Skýring:

Eitt af markmiðum framkvæmdaáætlunar ríkisins er að tryggja að starfsmenn félagsþjónustunnar hafi þekkingu til að veita fólki af erlendum uppruna nauðsynlega þjónustu. Í því skyni verður að frumkvæði félags- og tryggingamálaráðuneytis efnt til námskeiða fyrir starfsmenn sveitarfélaganna, (7.4).

19. markmið:

Að tiltækum úrræðum sé beitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun innflytjenda, bæði barna og fullorðinna.

Leiðir:

- Leita samstarfs við félög aldraðra, t.d. að börnin fái „ömmu og afa“.
- Íslenskukennsla, (sjá fræðslumál).
- „Alþjóðleg kaffihús“, t.d. einu sinni í mánuði, til kynningar á ýmsu efni.
- Samstarf við hagsmunasamtök fatlaðra.
- Þátttaka í íþrótt- og tómstundastarfi.

Skýring:

Í framkvæmdaáætlun ríkisins er gert ráð fyrir samstarfsverkefni sem miðar að því að þjónustuaðilar veki sérstaka athygli á starfsemi hagsmunasamtaka fatlaðra og hafi milligöngu um tengsl fullorðinna fatlaðra og foreldra fatlaðra við hagsmunasamtökin, (13.4).

Leitað verði leiða til að stuðla að þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í íþrótt- og tómstundastarfi, (sjá markmið undir íþrótt- og tómstundamál). Þetta verði m.a. gert með samstarfi við íþróttafélög, ásamt því að kanna möguleika á að styrkja börnin fjárhagslega fyrstu árin.

Með alþjóðlegu kaffihúsi er átt við að fundinn verði staður þar sem innflytjendur geta komið saman og rætt sín mál og upplýsingamiðlun getur farið fram.

20. markmið:

Að standa fyrir markvissri fræðslu til að sporna gegn fordómum, (Sjá einnig 7. markmið, undir leik- og grunnskóla)

Leiðir:

- Fræðsla um fjölmenningu og alþjóðavæðingu. Fræðsla um neikvæðar afleiðingar fordóma.

Skýring:

Félags- og tryggingamálaráðuneytið mun láta gera námskeiðspakka um ástæður fordóma, umburðarlyndi og menningarlæsi sem boðinn verði skólum, félagasamtökum og vinnustöðum til afnota, (16.2).

Ýmsir aðilar, s.s kirkjan og Rauði krossinn hafa boðið upp á námskeið af þessum toga.

Heilbrigðisþjónusta

21. markmið:

Að innflytjendur njóti sömu heilbrigðisþjónustu og aðrir íbúar.

Leiðir:

- Almennar upplýsingar.
- Upplýsa að allir eigi rétt á neyðarþjónustu óháð kennitölu eða stöðu í landinu.
- Upplýsa þarf fólk um þörf á sjúkratryggingu þar til fólk er komið inn í almannatryggingakerfið, (allt að sex mánuðir, mismunandi eftir því hvaðan fólk kemur).
- Sérhæfð upplýsingagjöf, t.d. um ungbarnavernd og til ófrískra kvenna um mikilvægi þess að þær mæti í mæðraskoðun.

Skýring:

Til að innflytjendur geti nýtt sér heilbrigðisþjónustu eins og aðrir landsmenn er brýnt að upplýsingar um heilbrigðiskerfið og sjúkratryggingar séu aðgengilegar á helstu tungumálum sem innflytjendur tala. Þá er brýnt að innflytjendur nýti sér mæðraskoðun og ungbarnavernd, ásamt því að forvarnarstarf nái til þeirra.

Í framkvæmdaáætlun ríkisins er gert ráð fyrir að mótuð verði sérstök áætlun á heilsugæslustöðvum um mæðraskoðun og ungbarnaeftirlit sem taki mið af þörfum foreldra af erlendum uppruna, (11.3).

Samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisins mun Landlæknisembættið þýða eyðublöð, leiðbeiningar og fræðslufni á helstu móðurtungur innflytjenda, (11.4).

22. markmið:

Að upplýsingar um almannatryggingar og aðrar tryggingar og um skipulag heilbrigðisþjónustu séu aðgengilegar fyrir innflytjendur.

Leiðir:

- Upplýsingar um íslenska heilbrigðisþjónustu og sjúkratryggingar.
- Upplýsa um þörf fyrir tryggingu vegna heilbrigðisþjónustu fyrstu 6 mánuði dvalar.

Skýring:

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðuneytið muni gefa út bækling á nokkrum helstu móðurmálum innflytjenda hérlendis með hagnýtum upplýsingum um heilbrigðisþjónustu, sjúkratryggingar, réttindi sjúklinga og leiðbeiningum um viðbrögð þegar neyðarþjónusta er þörf, (11.5).

23. markmið:

Að tungumálið hindri ekki að upplýsingar berist milli einstaklings og heilbrigðisstarfsmanns.

Leiðir:

- Gott aðgengi að túlkajónustu.
- Leiðbeiningar um hvenær á að nota túlka, hvar þá er að finna, hvenær fjartúlkun hentar o.s.frv.

Skýring:

Innflytjendur hafa lögvarinn rétt til túlkunar á vettvangi dómstólanna og innan heilbrigðisgeirans. Í framkvæmdaáætlun ríkisins kemur fram (5.3) að settar verði samræmdar verklagsreglur um túlkajónustu vegna sjúklinga sem ekki hafa vald á íslensku í samræmi við rétt þeirra til túlkunar, sbr. lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

24. markmið:

Að heilbrigðisstarfsfólk sé upplýst um siði og venjur ólíkra menningarheima.

Leiðir:

- Boðið verði upp á námskeið sem heilbrigðisstarfsfólki verði gert að sækja.

Skýring:

Í framkvæmdaáætlun ríkisins er að finna eftirfarandi markmið:

„Heilbrigðisstarfsfólki bjóðist í námi sínu og símenntun að fræðast um ólíka menningarheima og trúartengd viðhorf og siði að því leyti sem það skiptir máli gagnvart innflytjendum sem nýta sér heilbrigðisþjónustuna, einkum þegar staðið er frammi fyrir atburðum eins og fæðingu, sjúkdómum, þjáningu og dauða.“

25. markmið:

Að skólahjúkrunarfræðingur fylgist sérstaklega með börnum innflytjenda fyrsta skólaárið.

Leiðir:

- Börn og foreldrar innflytjenda séu sérstaklega upplýst um þætti eins og tannvernd og bólusetningu.



Félagsstarf og afþreying -menningarmál-

26. markmið:

Að stuðla að þátttöku innflytjenda í menningarstarfi og stuðla að kynningu á menningu þeirra.

Leiðir:

- Hvetja innflytjendur til þátttöku í menningarviðburðum og til að standa fyrir menningarviðburðum til að kynna sína menningu.
- Menningarráð Eyþings hvetji til verkefna tengdum menningu innflytjenda.

Félagsstarf og afþreying -íþróttá- og tómstundamál-

27. markmið:

Að unnið verði markvisst að því að stuðla að þátttöku í íþróttá- og tómstundastarfi.

Leiðir:

- Upplýsingagjöf (kynningarbæklingar) um íþróttir og tómstundir, m.a. í samstarfi íþróttafélaga, skóla og félagsþjónustu.
- Sérstakar heimsóknir/kynningar fyrir börn og foreldra innflytjenda, þar sem áhugasvið er kannað.
- Börnin séu styrkt fjárhagslega til þátttöku, a.m.k. fyrstu árin, í einni til tveimur greinum.
- Á starfslista félagsmiðstöðva séu fulltrúar úr hópi innflytjenda.
- Kveðið verði á um þjónustu við innflytjendur í samningum sveitarfélaga og íþróttafélaga.
- Íþróttaskóli fyrir t.d. öll börn 5 – 10 ára.
- Koma á tengslaneti, þ.e. íslenskur iðkandi tekur með sér gesti (oft auðveldara fyrir fleiri innflytjendabörn að koma saman heldur en eitt).

Skýring:

Mikilvægt er að hafa í huga menningarmun. Í sumum löndum er ekki venja að börn séu almennt þátttakendur í íþróttastarfi og gert ráð fyrir að fritíma sé varið inni á heimilinu með fjölskyldu. Hafa þarf einnig í huga á hvaða aldri börnin eru þegar þau koma til landsins. Þannig er t.d. mun erfiðara fyrir barn á unglingsaldri að koma inn í hópiþrótt heldur en yngra barn.

Bent hefur verið á að ákjósanlegt sé að nýta virka þátttakendur meðal innflytjenda (idol) til að kynna íþróttá- og tómstundagreinar. Þá hafa komið fram ábendingar, s.s. frá ÍSÍ, um svokallaðan íþróttaskóla til að ná til allra barna og skapa jafna möguleika í neðri árgöngunum.

Mat margra er að fjárhagslegur stuðningur til innflytjenda vegna íþróttá- og tómstundaiðkna þurfi að vera þannig að hann nægi að fullu fyrir þátttökugjaldi þar sem fjárhagsleg staða innflytjenda sé almennt veik fyrstu árin..

Viðauki 1

Móttaka nýrra íbúa

-tillaga að móttökuviðtali-

Nýr íbúi er boðinn velkominn með bréfi. Þar eru einnig gefnar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar og/eða aðstoð með allt sem snýr að íslensku samfélagi. Boðið er upp á móttökuviðtal.



Móttökuviðtal

Dæmi um atriði sem gott er að komi fram:

Viðkomandi er boðinn velkominn í sveitarfélagið:

- Upplýsingamappa með bæklingum og kortum og e.t.v. afhent táknræn gjöf s.s. sundmiðar og afsláttarkort

Þjónusta sveitarfélagsins og heilbrigðisþjónustunnar er kynnt:

- Skrifstofa sveitarfélagsins
- Grunn- og leikskólar
- Sorphirða /gámasvæði
- Fráveita og vatnsveita
- Þjónustumiðstöð
- Félagsþjónusta s.s. leiguhúsnæði, húsaleigubætur, forvarnastarf, útivistarreglur og fjárhagsaðstoð.
- Íþrótt- og æskulýðsstarf
- Heilsugæslustöðvar – *kynna rétt til heilbrigðisþjónustu miðað við réttindastöðu viðkomandi*
- Sjúkrahús

Þeir aðilar sem sinna málefnum innflytjenda í sveitarfélaginu eru kynntir, nöfn, símanúmer og netföng: t.d. starfsfólk á skrifstofu sveitarfélagsins, bókasafni eða skóla


Upplýsinga um hvort allir pappírar séu í lagi er aflað:

- Kennitala
- Dvalar- og atvinnuleyfi
- Lögheimili – *réttur til almannatrygginga, þjónustu sveitarfélags o.fl.*
- Gengið er úr skugga um að öll gögn sem þarf að leggja fram til opinberra aðila séu á íslensku, ensku eða á norðurlandamáli og þýdd af löggiltum skjalapýðanda
- Skattkort
- Sjúkratryggingar – *sérstakar sjúkratryggingar þarf að kaupa þar til viðkomandi kemst inn í almannatryggingarkerfið, ath. undantekning ef til staðar er E-104 vottorð*
- Heilbrigðisvottorð – *fyrir ríkisborgara utan EES (undantekningar innan EES eru Rúmenía og Búlgaría– undantekningar utan EES eru Sviss, Bandaríkin, Kanada, Ástralía og Nýja Sjáland sem ekki þurfa að framvísa heilbrigðisvottorði)*

Frekari upplýsingar gefnar sem og væntingar nýja íbúans við komuna í sveitarfélagið kannaðar

- Réttur til túlkajónustu er kynntur
- Möguleikar til náms kynntir – íslenskukennsla o.fl.
- Möguleikar til þátttöku í félagsstarfi kynntir
- Réttindi og skyldur á vinnumarkaði kynntar – Samstarf við verkalýðsfélög
- Starf trúfélaga í sveitarfélaginu kynnt – ef þess er óskað





Eftirfylgniviðtal

Dæmi um spurningar:

Hvaða væntingar hafðir þú til sveitarfélagsins þegar þú fluttir?

Hvernig hefur væntingum þínum verið mætt af hálfu sveitarfélagsins?

- Hafi væntingum ekki verið mætt, hvernig hefði mátt gera betur?

Finnst þér menntun þín og hæfileikar nýtast innan samfélagsins?

Tekur þú þátt í félagsstarfi í þínu sveitarfélagi?

Hefur þú sótt íslenskunámskeið?

- Hafa námskeiðin mætt þínum þörfum?

Hafa öll tilskilin leyfi verið afgreidd? Ert þú kominn inn í almannatryggingakerfið á Íslandi?

Hefur þú gert grein fyrir tekjum og talið fram til skatts á Íslandi

Sérðu fyrir þér áframhaldandi búsetu í sveitarfélaginu?

* Unnið að fyrirmynd tilraunaverkefnis Fjarðabyggðar „Nýir íbúar á góðum stað“

Viðauki 2. Flæðirit fyrir móttöku barns innflytjanda í skóla

